

Sp.

149. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1975.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1975 1. nóvember s. l. og hefur rætt málið á 28 fundum.

Með hliðsjón af því hvað Alþingi hóf störf sín seint að þessu sinni, eða ekki fyrr en 29. okt., hafði undirnefnd fjárveitinganefndar, sem skipuð er einum þingmanni frá hverjum þingflokki, átt með sér fundi nokkru fyrir þingtímann og hafið athugun á ýmsum þáttum, sem snerta fjárlagagerðina. Hafði undirnefndin m. a. rætt við forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana og kynnt sér þarfir þeirra um fjárveitingar og annað, sem reksturinn varðar.

Þá hefur nefndin nú sem fyrr skipt með sér verkum og hafa einstakir nefndarmenn haft til athugunar sérstaka málaflokka frumvarpsins. Hefur sú athugun eink-

um beinst að nokkrum af þeim málaflökkum, er fjalla um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo sem nýbyggingar skóla, íþróttamannvirkja, hafnarframkvæmda og lendingarbóta, nýbyggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Segja má, að málaflökkar þessir séu meðal þeirra stærri sem fé er veitt til í fjárlögum. — Þá hefur nefndin átt góða samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins og starfsmenn hennar, sem hafa veitt nefndinni mikilsverðar upplýsingar og aðstoð.

Svo sem jafnan áður hafa nefndinni borist fjölmörg erindi frá stofnunum, einstaklingum og samtökum, sem flest hafa falið í sér beiðni um fjárhagslegan stuðning eða fyrirgreiðslu í einu eða öðru formi. Hefur nefndin eftir föngum reynt að kynna sér þessi málefni og komið til móts við aðila, eftir því sem tók hafa verið á.

Nefndinni er þó ljóst, að í mörgum tilfellum hefur orðið að synja fjárbeiðnum til málefna, sem vissulega verðskulda fjárhagslegan stuðning, en takmarkað fjármagn hins opinbera og tilraun nefndarmanna til að stemma stigu við óhóflegri þenslu ríkisútgjalda hefur einnig ráðið hér nokkru um.

Enn sem komið er hefur nefndinni ekki unnist tími til að ljúka að fullu afgreiðslu á nokkrum liðum fjárlagafrumvarpsins. Má þar nefna m. a. fyrirhleðslur, dagvistunarstofnanir, málefni Rafmagnsveitna ríkisins og orkumál, hækkun til Lána-sjóðs námsmanna, aukin framlög til almannatrygginga, endurskoðun Pósts og síma og Vegasjóðs o. fl., og bíður afgreiðsla þeirra til 3. umr.

Um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Mun minni hlutinn því skila séráliti. Varðandi breytingartillögur á þingskjölum 143 og 147 varð hins vegar samstaða innan nefndarinnar og flytur hún því tillögurnar sameiginlega. Minni hlutinn vill þó taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Eins og fram kemur í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið er grundvöllur þess byggður á verðlagi og kaupgjaldi, eins og það var í septembermánuði síðast liðnum. Var þá gengið út frá því, að heildarhækkun launakostnaðar væri um 35%, ef miðað er við fjárlagatölur ársins 1974, og tekjuáætlun var í aðalatriðum byggð á því, að almenn þjóðarútgjöld héldust sem næst óbreytt að magni til eins og spáð var að þau yrðu á yfirstandandi ári.

Frá því að þessar áætlanir voru gerðar af Þjóðhagsstofnuninni hefur komið í ljós, að allmiklar breytingar hafa átt sér stað, sem gefið hafa tilefni til þess, að Þjóðhagsstofnunin hefur á ný endurskoðað fyrri áætlanir og sett fram frumdrög að nýrri þjóðhagsspá fyrir næsta ár.

Að sjálfsögðu liggur nú fyrir í lok ársins nánari vitneskja um ýmsa þætti þjóðarbúsins, svo sem innheimtu ríkistekna og fleira sem máli skiptir í ríkisbúskapnum.

Þá er þess að geta, að hækkun atvinnutekna á mann mun reynast um 50% í stað þess sem áður var spáð, að atvinnutekjur mundu hækka um 35%.

Á síðasta fundi fjárveitinganefndar nú fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins til 2. umr. mættu fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun og gáfu nefndinni margvíslegar upplýsingar um þróun efnahagsmála þjóðarbúsins á yfirstandandi ári, um leið og þeir greindu frá því, að stofnunin væri um þessar mundir að ganga frá endurskoðun og frumdrögum að nýrri þjóðhagsspá fyrir næsta ár.

Enn sem komið er hefur nefndin ekki að fullu gert sér grein fyrir þeim breytingum á tekjubálki frumvarpsins, sem rétt er að gera með tilliti til hinnar nýju þjóðhagsspár, og er því frestað til 3. umr. að bera fram breytingartillögur við tekjubálkinn.

Meiri hluti fjárveitinganefndar vill hins vegar taka það skýrt fram, að hann telur með öllu óverjandi að afgreiða fjárlagafrumvarpið með greiðsluhalla, og mun því miða breytingartillögur sínar við 3. umr. málsins við það, að svo verði eigi.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við gjaldabálk frumvarpsins.

Æðsta stjórn ríkisins 1 00.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: Styrkur til bókasafns Jóns Sigurðssonar, Kaupmannahöfn 100 þús. kr.

Menntamálaráðuneyti 1 02.

Aðalskrifstofa: Lagt er til, að liðurinn endurskoðun námsefnis lækki um 3 000 þús., en tekin verði upp fjárveiting til námsskrárgerðar í verkfræðslu samtals 6 000 þús. kr. undir fyrirsögn iðnfræðsluráðs, sbr. síðar.

Tekinn er upp nýr liður, 1 000 þús. kr., vegna námskeiða fyrir barnakennara, sem ekki hafa full réttindi.

Háskóli Íslands: Lagt er til, að launaliður Orðabókar háskólans lækki um 555 þús. kr. og er það til ráðningar sérfræðings í stöðu, sem hefur ekki verið skipuð um skeið.

Menntaskóli á Austurlandi: Gjaldfærður stofnkostnaður lækki um 15 000 þús. kr. — Launaliður almennra menntaskóla lækki um 1 500 þús. kr., ætlað til greiðslu launa í leyfum kennara, sem eru í orlofi við samningu kennslubóka. — Viðhaldsliður menntaskóla hækkar um 5 000 þús. kr.

Stýrimannaskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður lækki um 3 000 þús. kr. vegna kaupa á ratsjártækjum.

Iðnfræðsluráð: Launaliður hækkar um 4 000 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 2 000 þús. kr. Báðar fjárhæðirnar eru veittar til þess að hefja námsskrárgerð í verkfræðslu í samráði við menntamálaráðuneytið. Ætlast er til, að námsskrá iðnfræðslu sé endurskoðuð og hún samræmd námsskrá framhaldsskólastigsins. — Önnur rekstrargjöld Iðnskólans í Reykjavík hækka um 328 þús. og gjaldfærður stofnkostnaður iðnskóla í landinu um 4 000 þús. kr.

Fiskvinnsluskólinn: Lagt er til að gjaldfærður stofnkostnaður lækki um 3 000 þús. kr.

Verslunarskólar: Liðurinn til Verslunarskóla Íslands lækki um 11 400 þús., til Samvinnuskóla Íslands um 1 600 þús. og enn fremur til Bréfaskóla SÍS og ASÍ um 240 þús. kr.

Héraðsskólar: Gjaldfærður stofnkostnaður lækki um 27 000 þús. kr.

Skálholtsskóli: Á fjárl. 1974 var styrkur til skólans 6 000 þús. kr., en í frv. er ekki gert ráð fyrir styrk til skólans. Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður: Styrkur til Skálholtsskóla 7 000 þús. kr.

Grunnskólar: Gjaldfærður stofnkostnaður lækki um 218 884 þús. kr.

Styrkur til útgáfustarfa lækki um 150 þús. kr., sem er hækkun á framlagi til Hins ísl. bókmenntafélags.

Styrkur til Myndlistarskólans í Reykjavík lækki um 90 þús. kr.

Lagt er til, að framlög til jöfnunar námskostnaði lækki um 10 000 þús. kr.

Laun í Landsbókasafni lækki um 280 þús. vegna ráðningar manns í hálfu starfi til vörslu í lestrarsal.

Lagt er til, að styrkur til byggðasafna lækki um 500 þús.

Listasafn Íslands: Fjárveiting lækki um 300 þús. kr. vegna viðgerða á málverkum Jóns Stefánssonar.

Styrkur til Vísindasjóðs lækki um 2 000 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til Leikfélags Reykjavíkur lækki um 1 200 þús., til Bandalags leikfélaga um 200 þús., styrkir til lúðrasveita um 470 þús. og leiklistarstarfsemi um 2 000 þús. kr., þar af 1 000 þús. til Leikfélags Akureyrar. Styrkir til leiklistarskóla lækki um 800 þús. Styrkur til Rithöfundasambands Íslands lækki um 50 þús. kr.

Lagt er til að taka upp eftirfarandi nýja liði: Söngskólinn í Reykjavík 200 þús., Tónlistarskólinn í Árnessýslu vegna endurbóta á húsnæði 100 þús., Tónlistarskólinn

í Garðahreppi 500 þús. og Tónlistarskólinn í Reykjavík og Barnamáútskólinn, byggingarstyrkur, 3 000 þús.

Lagt er til, að framlag til jöklarannsóknna og mælinga hækki um 50 þús., til Norræna félagsins um 100 þús. og Norræna vatnafræðifélagið fái 100 þús. kr. styrk, sem er nýr liður, til undirbúnings ráðstefnu norrænna vatnafræðinga á Íslandi árið 1976.

Framlög til íþróttamannvirkja hækki um 13 000 þús. kr.

Lagt er til, að starfsstyrkur til Ungmennafélags Íslands hækki um 800 þús. kr. og tekinn upp nýr liður, starfsstyrkur til KFUM og KFUK 500 þús. kr. Framlag til Íþróttasambands Íslands hækki um 3 200 þús. kr. Tekinn verði upp nýr liður: Til Íþróttafélags fatlaðra 250 þús. kr.

Lagt er til að styrkur til Lögbergs—Heimskringlu hækki um 108 þús. kr. Tekinn verði upp nýr liður: Náttúrugripasafnið í Borgarnesi 100 þús. Styrkur til Skák-sambands Íslands hækki um 350 þús., til Bandalags ísl. skáta, hjálparveita hækki um 600 þús., til Dýraverndunarfélags Íslands um 50 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til Kvenfélagasambands Íslands hækki um 800 þús. kr.

Styrkur til Zontaklúbbs Akureyrar vegna Nonnahúss hækki um 25 þús. kr., Landakotsskóla um 500 þús., Hlíðardalsskóla um 600 þús., til sumarnámskeiða í Leirárskóla um 400 þús. og til Íslenska dýrasafnsins um 100 þús. kr.

Teknir verði upp nýir liðir: Til Bridgesambands Íslands 100 þús., til varðveislu gamla verslunarhússins á Flateyri 100 þús. og barnaheimilis í Kumbaravogi, byggingarstyrkur, 125 þús. kr.

Landbúnaðarráðuneyti 1 04.

Lagt er til, að launaliður Búnaðarfélags Íslands hækki um 600 þús. kr. vegna tölvuritara í nautgriparékt.

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði hækkanir til eftirgreindra viðfangsefna: 500 þús. í búfjárræktardeild til uppsetningar á tækjum, sem gefin eru af Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í tengslum við FAO, 5 000 þús. í nútækni-deild til byggingar íbúðarhúsnæðis á Hvanneyri, 790 þús. vegna ráðningar starfsmanns við gróðurannsóknir, 3 000 þús. til tilraunastöðvarinnar á Akureyri, vegna flutnings stöðvarinnar að Möðruvöllum, og nýr liður til ylræktarverkefnis í Hveragerði í tengslum við FAO 1 000 þús. kr.

Framlag til Landgræðslu ríkisins, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 6 000 þús. kr. vegna byggingar starfsmannahúss. Tekin verði upp nýr liður: Fóður- og fræframléiðsla í Gunnarsholti, yfirfært til B-hluta, 6 000 þús. kr. vegna endurnýjunar á vélum grænófóðurverksmiðjunnar.

Framlag til Fiskræktarsjóðs hækkar um 1 000 þús. kr.

Lagt er til, að jarðræktarframlög hækki um 7 192 þús. kr., sem renni til þess að auka greiðslu framlaga á framkvæmdaári um 5 000 þús., en að öðru leyti vegna nýrra héraðsráðunauta. Framlag til Veðdeildar Búnaðarbankans hækki um 3 000 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til Landssambands hestamannafélaga til leiðbeininga um hestamennsku hækki um 75 þús., framlög til Efnarannsóknastofu Norðurlands hækki um 150 þús. og til Tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands um 1 200 þús. kr. vegna byggingarframkvæmda.

Framlög til Garðyrkjuskólans á Reykjum hækki sem hér greinir: Laun nýs kennara 843 þús., viðhald um 500 þús. og til skipulagsgerðar, þ. e. gjaldfærður stofnkostnaður, um 500 þús.

Sjávarútvegrráðuneyti 1 05.

Lagt er til, að liðurinn Fiskifélag Íslands, skýrsludeild hækki úr 7 042 þús. kr. í 7 642 þús. kr. Hækkunin stafar af óhjákvæmilegri hækkun þóknunar til trún-

aðarmanna Fiskifélagsins í verstöðvum landsins. Hefur þóknun þessi verið óhæfilega lág undanfarið.

Á liðnum Hafrannsóknastofnun er lagt til að gerðar verði fjórar breytingar:

- a. Við 12 Bjarni Sæmundsson r/s RE 130, að fyrir 70 488 þús. kr. komi 76 488 þús. kr.
- b. Við 15 Dröfn r/s RE 135, að fyrir 20 250 þús. kr. komi 22 250 þús. kr.
- c. Við 16. að fyrir orðalagið „Útibú 3481“ komi: Útibú á Húsavík 4 431 þús. kr. Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar á Húsavík er tekið til starfa og gengur fjárveitingin öll til rekstrar þess.
- d. Þá er lagt til að samþykktur verði nýr liður: Útibú á Höfn í Hornafirði 1 500 þús. kr. Verður fé þessu varið til þess að undirbúa stofnun útibús Hafrannsóknastofnunar á Höfn.

Lagt er til um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, útibú, að fyrir 3 168 þús. kr. komi 4 118 þús. kr., en hækkunin varðar launagreiðslu til starfsmanns útibús Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Ísafirði.

Við liðinn Ýmislegt á sviði sjávarútvegs er lögð til sú breyting að niður falli liðurinn 05 25 000 þús. kr. vegna rekstrarhalla togara 1973, en liðurinn 04 vegna rekstrarhalla togara 1974 hækki úr 25 000 þús. kr. í 45 000 þús.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1 06.

Löggæslukostnaður við sýslumannsembættið á Blönduósi hækkar um 900 þús. kr. vegna ráðningar eins lögregluþjóns á Skagaströnd.

Kostnaður við sýslumannsembættið á Hvolsvelli hækkar þannig: Yfirstjórn um 600 þús. kr. vegna aukinnar aðstoðar á skrifstofu og löggæsla um 900 þús. kr. vegna ráðningar lögregluþjóns.

Við embætti sýslumannsins og bæjarfógetans í Keflavík eru ráðnir 2 lögregluþjónar í Keflavík og hækkar löggæslukostnaður um 1 800 þús. kr. og einn lögregluþjónn í Grindavík 900 þús. kr.

Laun eins kvenfangavardar, sem ráðinn er við fangelsið í Síðumúla, nema 700 þús. kr.

Gert er ráð fyrir að kaupa húsnæði í Grindavík fyrir fangelsi og hækkar liðurinn til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla um 4 000 þús. kr. af þeim sökum.

Til skrifstofuaðstoðar við embætti biskups hækkar liðurinn yfirstjórn um 300 þús. kr.

Kostnaður við Kirkjubing hækkar um 200 þús. kr.

Liðurinn Prestar og prófastar hækkar um 1 050 þús. kr. vegna nýs prestsembættis í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

Til Skálhólstaðar er framlag hækkað um 800 þús. kr., en það var nauðsynlegt til viðhalds á kirkju staðarins, einkum gluggum, þaki o. fl.

Þá er framlag til Hallgrímskirkju í Reykjavík vegna kaupa á stólum 635 þús. kr. og er það nýr liður.

Einnig eru vegna 300. ártíðar Hallgríms Péturssonar veittar til Hallgrímskirkju í Saurbæ 1 000 þús. kr.

Framlag til Kirkjubyggingasjóðs hækkar um 3 000 þús. kr.

Félagsmálaráðuneyti 1 07.

Lagt er til, að skipulagsstjóraembættið fái hækkun á launaliðnum sem nemur 2 000 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækki um 1 000 þús. kr. og liðurinn til sveitarfélaga um 6 000 þús. kr. Er þessi hækkun samkvæmt nýsettum lögum.

Vatnsveitur skv. lögum hækka um 4 500 þús. kr. vegna aukins framlags til vatnsveitu Vestmannaeyja.

Framlag til Landssambands verslunarmanna hækkar um 50 þús. kr.
Félagið Heyrnarhjálp fær hækkað framlag um 500 þús. kr. og Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra 100 þús. kr.
Stéttarfélag félagsráðgjafa fær 250 þús. kr. styrk til ráðstefnuhalds.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 1 08.

Lagt er til, að stofnkostnaðarframlag til Landsspítalans hækki um 35 000 þús. kr. í 187 000 þús. kr. Liðurinn verður sundurliðaður í B-hluta.

Lagt er til, að í Fæðingardeild Landsspítalans verði veittar 60 000 þús. kr. í byggingarframkvæmdir og verður liðurinn 80 000 þús. kr.

Nýr liður: Vífilsstaðaspítali. Lagt er til, að veittar verði til byggingar dagvistunarheimilis við spítalann 10 000 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til byggingarframkvæmda á Kristneshæli hækki um 4 000 þús. kr. í 10 000 þús. kr.

Lagt er til, að Læknishéraðasjóður verði hækkaður um 2 500 þús. kr. í 7 500 þús. kr. Er það vegna tækjakaupa.

Lagt er til, að byggingarstyrkur til St. Jósepsspítala í Hafnarfirði hækki um 1 500 þús. kr. í 5 000 þús. kr.

Liðurinn Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamíðstöðva, elliheimila og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækkar um 168 200 þús. kr. í 599 400 þús. kr. Þar af eru til elliheimila 38 300 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til héraðslækna og heilsugæslustöðva hækki um 2 270 þús. kr. í 6 000 þús. kr., ætlað til tækjakaupa í heilsugæslustöðvum.

Liðurinn Matvælarannsóknir hækki um 512 þús. kr. í 5 500 þús. kr.

Liðurinn Námskeið sjúkraliða hækkar um 1 400 þús. kr. í 3 000 þús. kr.

Lagt er til, að tekinn verði inn nýr liður, vegna ráðstefnuhalds háls-, nef- og eyrnalækna á árinu 1975 300 þús. kr.

Framlag til sjúkraflugs er áætlað í frumvarpi til fjárlaga 2 000 þús. kr., en lagt er til, að fjárhæðin hækki um 500 þús. kr. í 2 500 þús. kr.

Lagt er til, að breyting verði gerð á framlagi til Gæsluvistarsjóðs, þannig að til drykkjumannahælis á Vífilsstöðum verði varið 20 000 þús. kr. og til Vistheimilisins í Viðinesí 8 000 þús. kr.

Óbreytt stendur ráðstöfun fjár til Bláa bandsins 1 200 þús. kr. og Verndar 500 þús. kr.

Samgönguráðuneyti 1 10.

Lagt er til að liðurinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki úr 533 000 þús. kr. í 584 610 þús. kr. Liðurinn Ferjubryggjur hækkar úr 7 000 þús. kr. í 10 000 þús. kr. Liðurinn Hafnarbótasjóður hækkar úr 64 000 þús. kr. í 70 192 þús. kr., sem leiðir eðlilega af hækkun framlaga til hafnarmannvirkja og lendingarbóta.

Liðurinn Sjóvarnargarðar hækkar úr 2 700 þús. kr. í 3 500 þús. kr.

Um liðinn Sjóslýsanefnd er lagt til að laun hækki úr 954 þús. kr. í 1 254 þús. kr.

Við liðinn Flugmálastjórn er lögð til sú breyting, að framlög úr ríkissjóði hækki úr 466 125 þús. kr. í 485 725 þús. kr. Hækkun þessi skiptist þannig, að 18 000 þús. kr. ganga til fjárfestingar (flugvallagerðar), en 1 600 þús. kr. til snjómoksturs á flugvöllum. Alls verður varið til snjómoksturs á flugvöllum 5 000 þús. kr., og er gerð tillaga um, að sú upphæð verði á sérstökum fjárlagalið, sem er nýmæli. Í því sambandi leggur nefndin til, að fjárveiting til Reykjavíkurflugvallar lækki úr 50 874 þús. kr. í 49 874 þús. kr. og til annarra flugvalla úr 41 643 þús. kr. í 39 243 þús. kr. Fjárfestingar flugmálastjórnar eru áætlaðar 184 000 þús. kr. í frv., en samkv. tillögum nefndarinnar nemur fjárfestingarupphæðin 202 000 þús. kr.

Á liðnum Veðurstofan er lögð til sú breyting, að gjaldfærður stofnkostnaður verði hækkaður úr 6 120 þús. kr. í 7 120 þús. kr. Er hækkunin óhjákvæmileg vegna verðhækkunar á tækjum til Veðurstofunnar vegna gengislækkunar.

Þá gerir nefndin tillögu um, að framlag til flugbjörgunarsveita hækki úr 150 þús. kr. í 500 þús. kr.

Iðnaðarráðuneyti 1 11.

Eins og fyrr er getið bíða mörg erindi, er varða þetta ráðuneyti, frekari athugunar nefndarinnar, og er ráðgert að tillögur liggi fyrir við 3. umr. málsins. Skal þar m. a. minnt á málefni Rafnagnsveitna ríkisins, virkjanir við Kröflu og Bessa-
staðaa í Fljótsdal, sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi og starfsfé iðnþróunarnefndar.

Nefndin leggur til, að framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hækki úr 9 000 þús. kr. í 10 000 þús. kr.

Alþingi, 14. des. 1974.

Jón Árnason,
form., frsm.

Þórarinn Sigurjónsson,
fundaskr.

Ingvar Gíslason.

Gunnlaugur Finnsson.

Pálmi Jónsson.

Lárus Jónsson.

Steinþór Gestsson.